



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 4. desember 2020.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála (málskot í meiðyrðamálum), þskj. 101, 100. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar. Styður skrifstofan frumvarpið heils hugar enda er í greinargerð gerð góð grein fyrir hvers vegna ekki þurfi að uppfylla skilyrði 1.-4. mgr. 152. laga um meðferð einkamála um áfrýjunarfjárhæð til þess að tryggja að stefnandi og stefndi hafi í meiðyrðamálum jafnan rétt til að fá úrlausn endurskoðaða af æðra dómstigi. Ganga verði úr skugga um að báðir aðilar hafi jafnan rétt til áfrýjunar án þess að þurfa að sækja um áfrýjunarleyfi, ríkjandi ástand stuðli ekki að jöfnum aðgangi að áfrýjun til æðra dómstigs. Með breytingu þessari verði jafnræði aðila í slíkum málum tryggt fyrir dómstólum enda snerti slík mál ávallt mikilvæg réttindi einstaklinga.

Í greinargerð með frumvarpinu er og vísað til meginreglu íslensks réttarfars um jafnræði málsaðila, sem gerir ráð fyrir að málsaðilar njóti sömu aðstöðu við rekstur máls, án nokkurrar mismununar. Þá er og m.a. vísað til þess að regla þessi endurspeglar í þeim mannréttindaákvæðum sem gilda um réttláta málsmeðferð, s.s. 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og hliðstæðu hennar í 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um réttláta málsmeðferð.

Loks er í frumvarpinu vísað til þess að sú staðreynd að auðveldara er að áfrýja úrlausnum dómstóla í meiðyrðamálum þegar sýknað er fyrir ærumeiðingar, frekar en þegar sakkfellt er, leiði til ójafnvægis og geti bjagað niðurstöðu dómstóla. Það að einungis annar aðili hafi möguleika á áfrýjun, eftir því hver niðurstaðan sé, búi til skekkju í dómaframkvæmd sem geti haft neikvæð áhrif á tjáningarfrelsið. Afar mikilvægt sé að bregðast við þeirri stöðu og lagfæra þennan ágalla á réttarfarslögum.

MRSÍ tekur undir tilvitnuð orð og hvetur til lögleiðingar frumvarpsins.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri